

**A 1740/præsidiet**

<b>Flytjandi</b>	Forsætisnefndin
<b>Afgreiðsla</b>	Forsætisnefndin

**Forsætisnefndartillaga  
um stefnu Norðurlandaráðs í alþjóðamálum 2018-2022****Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð taki ákvörðun um

að hjálögð stefna Norðurlandaráðs í alþjóðamálum verði samþykkt.

**Aðdragandi**

Vinnuhópurinn um stefnumörkun í alþjóðamálum kom saman 26. júní 2017 í Maríuhöfn og á eftirfarandi fundi forsætisnefndar á eyjunni Silverskär greindi forsetinn frá umræðum hópsins.

Flokkahópunum gafst færi á að ræða stefnuna í alþjóðamálum á sumarfundum sínum og sjónarmiðin frá þessum fundum voru rædd á fundi vinnuhópsins 12. september 2017 í Helsinki. Að fundinum loknum var uppfærð útgáfa stefnunnar send til fulltrúa forsætisnefndar.

Stefnan leggur áherslu á meginsvið vinnu Norðurlandaráðs í alþjóðamálum á fimm ára tímabilinu 2018-2022. Stefnan byggir á reynslu Norðurlandaráðs í alþjóðamálum á undanförunum árum og mati á ástandinu í utanríkismálum þessa dagana. Hún vísar veginn fyrir þau tengsl og málefni sem Norðurlandaráð vill leggja áherslu á í komandi starfi. Í stefnunni eru líka tilgreind svið þar sem Norðurlandaráð hvetur ríkisstjórnir Norðurlandanna til að efla starf sitt að alþjóðamálum.

**Sjónarmið forsætisnefndar**

Í stefnunni er leitast við að greina málefni þar sem Norðurlandaráð getur látið til sín taka. Stefnan felur einnig í sér stífari forgangsröðun í starfi Norðurlandaráðs að alþjóðamálum. Norðurlandaráð vill setja grannsvæðin í sérstakan forgang. Eystrasaltssvæðið, Norðurskautssvæðið og ESB hafa sérstöðu.



Reykjavík, 20. september 2017

*Britt Lundberg (ÅC), forseti*

*Erkki Tuomioja (sd)*

*Hans Wallmark (M)*

*Michael Tetzschner (H)*

*Mikkel Dencker (DF)*

*Oddný G. Harðardóttir (A)*

*Phia Andersson (S)*

*Rigmor Andersen Eide (KrF)*

*Robert Halef (KD)*

*Sonja Mandt (A)*

*Wille Rydman (saml)*